

SEPTRIN (Wellcome, 1720) Saft 4. fl.	1 ml inniheldur: Trimethoprimum NFN 8 mg, Sulfamethoxazolum NFN 40 mg.
Töflur 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Trimethoprimum NFN 80 mg, Sulfa- methoxazolum NFN 0,4 g.
Töflur paediatric 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Trimethoprimum NFN 20 mg, Sulfa- methoxazolum NFN 0,1 g.
TRASICOR (Ciba-Geigy, 1250) Töflur 14. fl., 30. fl., 31. fl.	Hver tafla inniheldur: Oxprenololi chloridum NFN 80 mg.
TROBICIN (Upjohn, 1539) Stungulyf 4. fl.	Hvert hettuglas inniheldur: Spectinomycini chloridum NFN 0,2 g, þurrefni. Leysir fylgir.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1974.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Almar Grimsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

A—1 Kr. 33.33 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 9.45 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 4 821.00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 143.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 33.33 hver kWst. til ljósa og kr. 7.64 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 6.31 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 50.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti

skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 6.30 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

### C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 16.09 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 5 312.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 2.73 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 4 719.00 hvert kW sem er fram yfir 50 kW og kr. 2.56 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 9.44 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 9.91 hver kWst. fyrir búrekstur.

C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 1.21/1.03 hver kWst. og kr. 10 051.00 hvert kW.

C—7 Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 1.30 hver kWst.

### D. Hitun.

D—1 Kr. 2.00 hver kWst. til hitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 2.70 hver kWst. til hitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Kr. 1.57 hver kWst. til hitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til 8.

D—4 Kr. 1.16 hver kWst. til hitunar (næturhita), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.18 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.

D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.03 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

### E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 4.30 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

E—2 Kr. 5.59 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

E—3 Kr. 2.73 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

E—4 Kr. 3.25 hver kWst. til súgburrkunar.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 2.96 hver kWst. til iðnaðar.

### Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

### F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.

2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

## II. MÆLALALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar .....	487.00	600.00	653.00		
3-fasa kWst.-mælar .....	799.00	1 265.00	1 631.00	2 717.00	5 976.00
Tvigjalds- og mestastraumsmælar .		1 631.00	2 717.00	4 376.00	8 762.00
Skriptirofar/skiptiklukkur .....		2 017.00			

Að öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar, kr. 500.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

## IV. HEIMTAUGARGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.

2. Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
	Jarðstr. Kr.	Loftlína Kr.	Jarðstr. Kr./m	Loftlína Kr./stólpi	Loftlína Kr./stólpi
25 A 1-fasa	—	5 500.00	—	Innifalið	10 000.00
25 A 3-fasa	—	8 000.00	—	—	14 000.00
63 A 1-fasa	40 000.00	8 000.00	Innifalið	—	14 000.00
63 A 3-fasa	44 000.00	9 300.00	—	—	15 500.00
110 A 3-fasa	54 000.00	11 000.00	—	—	19 000.00
200 A 3-fasa	31 000.00	—	2 300.00	—	—
315 A 3-fasa	94 000.00	—	3 100.00	—	—
300 kVA 3-fasa	250 000.00	—	skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	400 000.00	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	650 000.00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í hitaveitu.

7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er í bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 110 21. mars 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1974.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

### Fastagjald.

#### 1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

#### 2. gr.

Vatnsskattur sky. 1. gr. skal vera 1.125% af fasteignamatsverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

### Notkunargjald.

#### 3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 34.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

### Vatn til skipa og báta.

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 68.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 450.00 í afgreiðslugjald, ef